

Framleiðsluráð greiðir inn í Stofnlánadeild landbúnaðarins hin innheimtu gjöld, eigi síðar en mánuði eftir að þau hafa verið innheimt. Kostnað Framleiðsluráðs við innheimtu þessa greiðir Stofnlánadeild eftir reikningi.

Endurskoðendur Búnaðarbankans skulu endurskoða reikningskil Framleiðsluráðsins fyrir gjöldunum og skal þeim heimill aðgangur að öllum þeim gögnum, er gjöldin varða og Framleiðsluráð getur í té látið.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 45, 16. apríl 1971, sbr. lög nr. 68, 30. apríl 1973 og lög nr. 60, 16. maí 1978 um breytingu á þeim lögum.

12. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 30. ágúst 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Sigþórsson.

A R Ð S K R Á

fyrir vatnasvæði Veiðifélags Varmár- og Þorleifslækjar.

Arðskráin gildir frá 31. mars 1978.

	Einingar
1. Arnarbælistorfa	500
2. Hraunstorfa	140
3. Núpar	220
4. Vötn	70
5. Kröggólfsstaðir	120
6. Saurbær	200
7. Þúfa	100
8. Ýxnalækur	85
9. Vorsabær	510
10. Reykjatorfa	520
11. Grimslækir	100
12. Hjallatorfa	640
13. Riftún	17
14. Þóroddstaðir	74
15. Ytri-Þurá	25
16. Eystri-Þurá	220
	3 541

Arðskrá þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 13. sept. 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Ragnheiður Árnadóttir.